

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Efni:

Mýrargata 21 og 23 - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 12. nóvember 2020 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 5. nóvember 2020, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 4. nóvember 2020 á breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits, reitur 1.131, vegna lóðarinnar nr. 21-23 við Mýrargötu ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Um er að ræða Mýrargötu 21 og 23, breytingu á deiliskipulagi sem m.a. felst í því að minnka umfang og hæð kirkjunnar ásamt því að kirkjuturnar eru lækkaðir. Fulltrúa Flokks fólksins þykir kannski sem málið sé ekki fullunnið. Turnum kirkjunnar fækkar úr 5 í 2, hámarkshæð hærri turns minnkar úr 22 í 18 metra. Kirkjan sjálf er ekki sátt við skipulagið eftir að lagt er til að kirkjan verði minnkuð verulega og margir aðrir eru einnig ósáttir, sbr. innsendar athugasemdir. Málið hefur verið í vinnslu frá 2008 og ennþá eru áhöld um hvernig kirkjan á að vera og bílastæðin sem eru aðeins þrjú.

Helga Björk Laxdal
e.u.